

Porskaflinn 185 þús. tonn – um fjórðungi meiri en 1984:

Um 1.200.000.000 kr. glatast vegna 3ja sjómannaverkfalla

– um 5.000 krónur á hvern Íslending

■ Fiskifélag Íslands áttar að vegna hinna þriggja meiriháttar verkfalla sem fiskimenn hafa farið í á þessu ári hafi tapast um 140 þús. tonn í afla, að verðmæti um 600 milljónir króna upp úr skipi en sem nemur 1,2 milljörðum króna í erlendum gjaldeyri. Það samsvarar um 200 þús. krónum á hvern fiskimann í landinu.

Prátt fyrir 3 verkföll var afli fyrri helming ársins 1985 nær sá sami og á sama tíma í fyrra, að loðnu frátalinni, eða um 339 þús. tonn, sem er um 2% meira en 1984. Þar af var afliinn í júní tæplega 51 þús. tonn, sem er um 5% meira en í júní í fyrra.

Af þorski var búið að veiða nær 185 þús. tonn á miðju ári, sem er rúmlega fjórðungi meira en í fyrra á sama tíma, og er aukningin hlutfallslega svipuð hjá togurum og bátum. Af öðrum botnfiski hefur aflast þeim mun minna. Heildaraflí togaranna var þannig um 158 þús. tonn á miðju ári sem er um 11.700 tonnum minna en í fyrra. Afli togaranna í júní var rúmlega 47 þús. tonn, þar af rúm 31 þús. tonn af þorski en þorskaflinn var rúmlega 19 þús. tonn í júní 1984.

Afli bátanna fyrri helming ársins var um 181 þús. tonn (að loðnu frátalinni), um 18 þús. tonnum meiri en í júnílok 1984. Þar af hafa nú veiðst um 9.700 tonn af rækju – um þúsund tonnum minna en 1984 – um

1.900 tonn af humri og 4.800 tonn af hörpuðiski.

Loðnuafliinn það sem af er árinu er 344.572 tonn sem er um 93 þús. tonnum minna en í

fyrra. Heildaraflinn á miðju ári er 684 þús. tonn – um 86 þús. tonnum minni en 1984 og er

munurinn nær allur falinn í minni loðnuafli, sem fyrr greinir.

Iceland Crucible á Kjarvalsstöðum:

Listin er ekki forgengileg

– viðamikil kynning á íslenskri nútímalist í myndum og máli

■ „Tvö orð koma upp í hugann, þegar ég hugsa um Ísland; addáun og gremja. Addáun á öllu, sem fósturland mitt hefur gert fyrir mig, og gremja yfir því að geta ekki svalað forvitni annarra um landið. Framleiðsluvörur og fólk eru forgengileg, en list hverrar þjóðar er best til þess fallin að gefa rétta mynd af henni.“

Þetta sagði Thomas Holton, forstjóri ullarútflutningsfyrirtækisins Hildu hf., þegar hann var spurður um viðamikla kynningu á íslenskri list, sem hann er aðalhvatamaður að.

Kynning þessi er þrjúþætt. Í fyrsta lagi sýning á 330 ljósmyndum af um 170 íslenskum listamönnum úr öllum greinum, eftir heimskunnar rússneskan ljósmyndara, Vladimir Sichov. Í öðru lagi kvikmynd um gróskuna í íslenskri nútímalist eftir tvo Bandaríkjamenn, Hal Calbom og Phil Davies. Í þriðja lagi mun svo bókauktáfan Vaka gefa út bók með úrvali mynda Sichovs, og með texta Sigurðar A. Magnússonar. Allt þetta

verður til sýnis á Kjarvalsstöðum dagana 13.-28. júlí næstkomandi, undir yfirskriftinni „Iceland Crucible“.


Ráðgert er að fara með ljósmyndasýninguna, kvikmyndina og bókina um þver og endilöng Bandaríkin og Kanada á næsta ári, og hafa bókauktáfundur og forstjórar sýningarsala og sjónvarpsstöðva sýnt framtakinu verulegan áhuga. Ætlunin er síðan að menningarkynning þessi fari til Evrópu og Asíulanda, þó fyrst og fremst Japans.

Thomas Holton sagði, að það hefði alltaf verið hluti af ullarvörusöluinni að miðla upplýsingum um Ísland og Íslendinga, og væri þetta framtak hans og Vöku tilraun til að koma til móts við fjölda fyrirsprurna. „Ég vona bara, að þetta komi að einhverjum notum,“ sagði hann. Hugmyndin að svona kynningu er gömul, sagði Thomas, en hún fékk endanlega mynd um sama leyti og Scandinavia Today sýningin fór um Bandaríkin.

Aðspurður sagði Thomas

Holton, að þetta framtak væri mjög dýrt, en svo væri líka um annað, sem fyrirtæki hans gerði. Sagðist hann líta á þetta sem langtíma fjárfestingu, ekki bara

fyrir eigið fyrirtæki, heldur alla Íslendinga. „En það er ekki hægt að setja mælistiku krónu og aura á þetta,“ sagði hann.



■ Halldór Laxness er meðal þeirra 170 íslensku listamanna, sem Valdimir Sichov myndaði fyrir sýninguna Iceland Crucible. Myndirnar verða allar til sýnis á Kjarvalsstöðum frá og með næsta laugardegi.

Nei takk

■ Nafnbreytingar á dagblöðum geta valdið erfiðleikum. Þannig fregnaði dropateljari, sem fyrir skömmu var á ferðalagi norðan lands, að bóndi einn gildur og lengi tryggur kaupandi Tímans gamla, hefði snúið baki við NT er það hóf göngu sína.

Aðspurður hvers vegna hann ekki keypti NT sagði sá gamli að hann hefði alltaf haldið að NT stæði fyrir: Nei takk.

Rokkið eltir dropateljara

■ Og áfram af norðanferð dropateljara. Hann hugðist njóta kyrrðar og róar sveitarinnar í nokkra daga og ferðaðist í Skagafjörðinn. Er þangað kom reyndist allt hið ákjósanlegasta og tókst afslöppun hið besta.

En þar kom í dvölinni að það var laugardagur og vildi dropateljari ásamt samferðafólki njóta veitinga í veit-

ingahúsi á Saudárkróki. Á meðan ekið var á Krókinn dásömuðu allir ferðalangarnir róna og kyrrðina sem ríkti yfir þessu litla sjávarplássi og fannst öllum sem mikill munur væri á þessu ellegar þá spaninu og asanum í henni Reykjavík.

En er svangir höfðu sest

ad borðum í Sælkerahúsinu á Króknum fór að kárna gamanið. Í ljós kom að þar voru staddir 2-3 „þungarokkhjúmsveitir“ úr Reykjavík ásamt fylgifólki og var lítil „ró“ yfir þessu fólki.

Fannst dropateljara því til lítils að aka fleiri hundruð kílómetra úr bænum til að

njóta kyrrðar á meðan „andskotans“ bárujárnsrokkíð eltir mann alla leið.

En allt er gott sem endar vel. Þar kom að hljómsveitargæjarnir þurftu að fara að þenja strengi sína og gátum vér dropateljara gengið að mat okkar með gleði í hjörtum.

Hagstofan reiknar launin:

Dregið af tannlæknum það sem ofgreitt hefur verið

– sagði borgarstjóri eftir fund með tannlæknum í gær



Erlend skemmtiferðaskip:

Kaupmenn kvarta en ekki ferðamenn

– segja starfsmenn Atlantik og Úrvals

■ „Það er afskaplega lítið um að farþegar kvarta undan því að fá ekki nægan tíma til að versla. Þeir sem kvarta eru hins vegar eigendur minjagripaverslana og það er skiljanlegt því þeir búa við geysiharða samkeppni. Við tókum á móti farþegunum þegar þeir koma úr þessum ferðum og þeir eru yfirleitt afskaplega ánægðir,“ segir Ólafía Sveinsdóttir hjá innanlandsdeild ferðaskrifstofunnar Atlantik aðspurð um frétt NT á föstudaginn að ferðamenn sem hingað koma til lands fengu ekki nægan tíma til að kaupa ullarvörur sem þeir eru yfirleitt sólgnir í enda helmingi ódýrari en erlendis og Íslendingar yrðu þannig af stórum fúlgum árlega í gjaldeyri.

Að sögn Ólafíu eru allir samála um að skemmtiferðaskipin hafi of skamma viðdvöl hér á landi. Ferðaskrifstofan Atlantik sæi um langflestar innanlandsferðir fyrir farþega skemmtiferðaskipa sem hingað kæmu og yfir 90% farþeganna sem aðallega væru Þjóðverjar færu í ferðir til Gullfoss og Geysis. Í þeim ferðum væri höfð viðdvöl í Hveragerði og við Geysi þar

sem minjagripaverslanir væru og í langflestum tilvikum væri að auki stoppað í hálf tíma til klukkustund í Reykjavík áður en farþegarnir héldu aftur til skips.

Í mörgum tilvikum hefðu skipin lengri viðdvöl hérlandis, í einn og hálfan til tvo daga, og þá hefðu farþegarnir yfirleitt hálfan dag frjálstan. Auðvitað væru tverr hlíðar á þessum málum eins og öðrum en þess bæri að geta að um borð í skipunum væru líka minjagripaverslanir sem hefðu íslenskan varnig á boðstólum auk sérstakra tiskusýninga á íslenskum ullarvörum. Erlendar ferðaskrifstofur um borð í skipunum sæju um að kynna Ísland fyrir ferðamönnum og þær skildu hlutverki sínu svo vel að 95-99% farþeganna færu í innanlandsferðirnar sem aðallega væru seldar um borð.

Matthías Kjartansson hjá innanlandsdeild ferðaskrifstofunnar Úrvals tók í sama streng og sagði að ferðamennirnir kæmu ekki hingað í þeim tilgangi að versla heldur fyrst og fremst til að sjá landið.

Iceland Seafood: Rúmlega 25% söluaukning

■ Sala Iceland Seafood, dótturfyrirtækisins í Bandaríkjunum, í júnímánuði nam 10,1 milljón dollara, sem er 25,5% aukning miðað við sama mánuð í fyrra. Á fyrstu sex mánuðum ársins seldi fyrirtækið framleiðslu sína fyrir 62,2 milljónir dollara, á móti 57,7 milljónum dollara í fyrra. Aukningin er 8%.

Þetta kom fram í samtali, sem NT átti við Guðjón B. Ólafsson, forstjóra Iceland Seafood í gær, og aðspurður sagðist hann vonast eftir áframhaldandi aukningu það sem eftir væri ársins.

Guðjón sagði, að sala á þorsklökum hefði aukist um 18% það sem af væri þessu ári, og birgðir væru að komast í jafnvægi. Hann sagði jafnframt, að birgðir af þorsklökum færu minnkandi, og jafnvel væri útlit fyrir skort, þegar líða tæki á árið. Skortur er á ýsu á Bandaríkjamarkaði, og útlit fyrir, að ekki verði hægt að anna eftirspurn síðar á árinu.

Aðspurður sagði Guðjón B. Ólafsson, að verulegur skortur væri á karfa á bandarískum markaði. Hins vegar ætti nýgerður 5 ára viðskiptasamningur við Sovétríkin ekki að hafa áhrif á framboð vestra, á meðan bandarískir markaðurinn byði samkeppnisfært verð.

Guðjón sagðist fyrst og fremst líta á þetta sem heimild til að selja meira á næstu árum, ef þörf krefði. „Ég held, að það sé með það fyrir augum, að rammamagnið var aukið. Það þýðir ekki endilega, að Ísland sé skuldbundið til að fylla upp í þennan ramma,“ sagði Guðjón B. Ólafsson.

